

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 15. apríl 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (eigið fé, könnunar- og matsferli, vogunarhlutfall, valdheimildir o.fl.), 589. mál.

1. Almenn

Um efnið vísast til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis þann 17. mars sl. þar sem óskað var eftir umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) um ofangreint mál. SFF hafa tekið frumvarpið til skoðunar. Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið er það annað frumvarpið sem fjármála- og efnahagsráðherra leggur fram á Alþingi í þeim tilgangi að innleiða í íslenskan rétt efni tilskipunar 2013/36/EB, hér eftir nefnd CRD IV og reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, hér eftir nefnd CRR, og með þeim svonefndan Basel III staðal sem ætlað er að bregðast við veikleikum sem komu í ljós í kjölfar alþjóðlega bankahrunsins.

SFF hafa gert athugasemd við fjármála- og efnahagsráðuneytið varðandi það verklag að innleiða tiltekin ákvæði úr CRR inn í lagatexta en skv. 7. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið skal innleiða reglugerð með lögum í heild sinni og orðrétt. Með þessu getur skapast ákveðin ruglingshætta ef misræmi verður á milli ákvæða í lagatexta og ákvæða í reglugerð en ljóst er að reglugerðin verður í heild sinni tekin upp í íslenskan rétt þegar hún hefur verið tekin upp í EES-samninginn. Með þessu getur skapast ákveðið ójafnvægi, sérstaklega ef það er haft í huga ef innleiðing CRR í íslenskan rétt dregst fram úr hófi. Þá verður einnig að hafa í huga að þau ákvæði sem eru innleidd varða auknar eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins (FME) en þau ákvæði sem varða t.d. andmælarétt fjármálafyrirtækja eða rétt þeirra til málshöfðunar eru ekki innleidd með sama hætti. Þá verður ekki séð að horft hafi verið til þess hvaða áhrif mögulegar aðgerðir FME á grunni laganna kunni að hafa á starfsskilyrði fjármálafyrirtækja, m.a. smærri fjármálafyrirtækja, og getu þeirra til að veita þá þjónustu sem viðskiptavinir úti um allt land þurfa á að halda. Ljóst virðist að með auknum heimildum FME kristallast enn frekar mikilvægi þess að eftirlitsskyldir aðilar eigi kost á að skjóta íþyngjandi ákvörðunum FME til æðra stjórnvalds, eins og SFF hafa áður bent á. Slíkt fyrirkomulag er einnig til þess fallið að styðja við starfsemi FME.

Ákvæði reglugerðar hafa ekki áður verið innleidd með þessum hætti, þ.e. að einstök efnisákvæði reglugerðar séu innleidd í lagatexta. SFF leggja mikla áherslu á að gætt sé að því að þau ákvæði reglugerðarinnar sem tekin eru upp í lög, séu efnislega samhljóða ákvæðum reglugerðarinnar sem verður innleidd á næstunni í íslenskan rétt. Reglugerðir ESB eru tæki ESB til að tryggja samræmi og einsleitni á EES-svæðinu þar sem þörf er á hámarks einsleitni. Ef

ekki er gætt að því að reglugerðir séu innleiddar með réttum hætti getur sú hætta skapast að markmiðið um einsleitni náist ekki.

Þá leggja SFF mikla áherslu á að hinn sk. stjórnarskrárvandi sé leystur, þ.e. að reglugerðirnar um evrópskar eftirlitstofnanir verði teknar upp í EES-samninginn sem fyrst. Það er nauðsynlegt að íslensk fjármálafyrirtæki dragist ekki aftur úr og fylgi öðrum evrópskum fjármálafyrirtækjum hvað þetta varðar.

2. Athugasemdir við einstök ákvæði

Orðskýringar, 1. gr. frumvarps

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, sem inniheldur orðskýringar, verði breytt til samræmis við uppröðun skilgreininga í 3. gr. CRD IV og 4. gr. CRR. Til þess að auðvelda lestur laganna væri þó æskilegt að raða orðskýringunum upp í stafrófsröð.

Í 6. tl. er notað orðið „**hlutafélagalaga**“ og er það í samræmi við nógildandi lög. Þetta orð má jafnframt finna í fjórum öðrum ákvæðum laganna. Um er að ræða tilvísun til laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Í upphaflegum texta laganna voru hins vegar notuð orðin „lög um hlutafélög“ og eru þau orð notuð í sjö ákvæðum laganna. Orðið „hlutafélagalög“ hefur komið inn í lögum með breytingum sem gerðar hafa verið á síðustu árum. Æskilegt væri að samræma orðnotkun að þessu leyti og nota rétt heiti laganna, þ.e. „lög um hlutafélög“.

Í 12. tl. er „**útibú**“ skilgreint. Í stað þess að segja „*öll eða hluta þeirra viðskipta sem fjármálafyrirtæki stundar*“ væri eðlilegra að orða ákvæðið „*að stunda starfsemi í heild eða hluti, skv. starfsleyfi...*“.

Í 13. tl. er „**félag í hliðarstarfsemi**“ skilgreint. Óljóst er hvað er átt við með orðunum „sambærilega þjónustu“. Orðalagið bendir til að þjónustan þurfi að vera sambærileg umsjón með fasteignum eða gagnavinnslu. Lagt er til nýtt orðalag:

Félag í hliðarstarfsemi: Félag sem hefur að meginstarfsemi að sjá um þjónustu sem er til viðbótar við meginstarfsemi eins eða fleiri fjármálafyrirtækja, t.d. gagnavinnsluþjónustu, umsjón með fasteignum eða annarri þjónustu sem samrýmist starfsemi fjármálafyrirtækja.

Í 2. tl. er „**lánastofnun**“ skilgreind og í 17. tl. er „**fjármálastofnun**“ skilgreind. Hingað til hefur verið leitast við það í lögum um fjármálafyrirtæki að nota ekki orðið „stofnun“, sér í lagi þegar ekki er átt við opinbera aðila. SFF telja því óheppilegt að setja nú slíkt heiti inn í lögum en þegar orðinu „stofnun“ er flett upp í orðabók er ljóst að með þeirri málnotkun er átt við aðila sem sinnir „almenningsþörfum“ eða húsakynni slíkra aðila en með „stofnun“ í nógildandi lögum um fjármálafyrirtæki er t.d. átt við Fjármálaeftirlitið. Í CRD IV er talað „credit institution“ og er „lánastofnun“ ætlað að ná yfir það hugtak. En í 2. tl. og víðar í lögum og frumvarpi er orðið „fyrirtæki“ notað. SFF leggja því til að orðið „lánastofnun“ verði skipt út fyrir „lánafyrirtæki“

SFF er ljóst með því að nota orðið „stofnun“ í stað hugtaksins „fyrirtæki tengt fjármálasviði“ í 17. tl. sem nú er skilgreint í nágildandi lögum, er verið að ná yfir enska orðið „institution“. Engu að síður verður til hugtak sem á sér ekki samsvörun í íslenskrri málnotkun og gæti valdið ruglingshættu varðandi eignarhald og hlutverk þessara fyrirtækja sem skilgreiningunni er ætlað að ná yfir. Því er lagt til að hugtakið „fyrirtæki tengt fjármálasviði“ verði notað í stað „fjármálastofnun“.

Í 20. tl. er skilgreining á „**vensluðum aðilum**“. Skilgreiningin á sér ekki samsvörun í CRD IV né CRR, enda kemur fram í greinargerð að skilgreiningin byggir á kjarnareglum Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit. Í kjarnareglunum kemur einnig fram að skilgreiningin geti m.a. tekið til þessara aðila. Þá er því er bætt inn í skilgreininguna að FME geti metið hvort aðrir geti talist til venslaðra aðila, þ.e. hvort þeir eigi beinna og skyldra hagsmuna að gæta vegna starfsemis fjármálafyrirtækis. Það er ekki í samræmi við inntak CRD IV og CRR að bæta inn í íslensk lög sérákvæði auk þess sem um matskennt ákvæði er að ræða. Í skilgreiningunni er vísað til tengdra aðila skv. settum reikningsskilareglum. Óljóst er hvenær og með hvaða hætti FME er fært umrætt vald. Hugtakið kemur fyrir á nokkrum stöðum í frumvarpinu og því er nauðsynlegt að fjármálafyrirtæki geti fyrirfram haft mat um það sjálft hverjir eru venslaðir aðilar. Í því felst í fyrsta lagi að skilgreiningin sé skýr, tali saman við aðrar skilgreiningar og önnur lagaákvæði og í öðru lagi að FME sé þannig ekki fært vald til ákvörðunar án nánari leiðbeininga.

Í leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2010 um efni reglna samkvæmt 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, verður að telja að „venslaðir aðilar“ séu skilgreindir með of víðtækum hætti. Skv. e. lið 15. gr. frumvarps, sem leggur til breytingar á nágildandi 29. gr. a, fer um lánveitingar til venslaðra aðila, annarra en þeirra sem fjallað er um í 2. og 3. gr. mgr. nágildandi 29. gr., skv. 5. mgr. 107. gr. nágildandi laga en sú grein fjallar um almennar eftirlitsheimildir FME. Brot á þessum greinum, þ.e. um venslaða aðila, getur leitt af sér stjórnvaldssektir og því er mikilvægt að skilgreining og túlkanir eftirlitsaðila gangi ekki lengra en nauðsynlegt er og að fjármálafyrirtæki geti sjálf metið hvort aðilar teljist venslaðir þeim eða ekki.

Má sem dæmi nefna með hversu erfitt og óraunhæft í vissum tilvikum getur verið að fylgja skilgreiningunni um venslaða aðila. Hér má taka dæmi sé ofangreindum leiðbeinandi tilmælum FME fylgt í samræmi við nágildandi lög og tillagðar lagabreytingar: 18 ára gamalt barn varastjórnarmanns í hlutdeildarfélagi fjármálafyrirtækis (sem þar af auki kann að vera tilnefndur í stjórn t.d. af samkeppnisaðila, ef svo ber undir) vinnur á kassa í verslunarkedju hérlandis, þá telst félagið sem rekur verslunina venslaður aðili viðkomandi fjármálafyrirtækis. Hér er gengið langt fram fyrir markmið laganna og óeðlilegar hömlur settar á viðskiptaumhverfi enda harla ólíklegt að lánakjör viðkomandi félags tengist því hvaða starfsmaður vinnur á kassa í versluninni. Mikilvægt er að horfa á lagabreytingar og umhverfið í heildarsamhengi þannig að löggjöfin sé þannig að hægt sé að vinna eftir henni.

Í 25. tl. er lögð til breyting á skilgreiningu á hugtakinu „**samstarf**“. Eins og kemur fram í athugasemd með greininni er skilgreiningin óbreytt frá gildandi lögum fyrir utan það að orðin „m.a.“ bætast við. Í athugasemd kemur fram að þetta sé gert til þess að ljóst verði að ekki sé um tæmandi talningu að ræða á þeim atriðum sem fela í sér að samstarf teljist til staðar og að við mat á því hvort samstarf sé til staðar muni FME líta til viðmiðunarreglna Evrópska bankaeftirlitsins varðandi virka eignarhluti. Þessi breyting er óheppileg þar sem hún dregur

mjög úr möguleikum á að skýra það fyrirfram í hvaða tilfellum samstarf verði talið vera fyrir hendi. Ómögulegt er að sjá það fyrirfram með ásættanlegri vissu hvaða mælikvarði yrði lagður á það atriði. Núverandi orðalag gefur í raun til kynna að undirliðir a-d fela ekki í sér tæmandi talningu. Í stað þeirrar breytingar sem lögð er til væri æskilegra að taka fram í ákvæðinu, t.d. á eftir d-lið, að FME sé, við mat á því hvort samstarf sé talið vera fyrir hendi, heimilt að líta til viðmiðunarreglna Evrópska bankaeftirlitsins varðandi virka eignarhluti.

Í 34. tl. er „**hæft fjármagn**“ skilgreint sem er þýðing á „eligible capital“ en um beina þýðingu er að ræða. Erfitt er að sjá hvernig dauðir hlutir geta verið hæfir, því er lagt til að orðið „nýtanlegt fjármagn“ eða „nýtanlegt eigið fé“ verði notað í staðinn þar sem „capital“ getur bæði þýtt fjármagn og eigið fé og því á það betur við.

Í 30. tl. má finna nýja skilgreiningu sem er „**gervieignarhlutur**“ en enskan er „synthetic holdings“. Þrátt fyrir að hugtakasafn þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytisins hafi þýtt orðið „synthetic“ sem „gervi“ þá er einnig að finna þýðingu á „synthetic instruments“ sem er „tilbúinn gerningur“. Því er lagt til að nota frekar „tilbúinn eignarhlutur“ sem einnig er betri þýðing þegar haft er í huga merkingu hugtaksins.

Í 35. tl. er hugtakið „**stöður sem haldið er vegna veltuviðskipta**“ skilgreint. Skilgreiningin byggist á 85. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR (e. positions held with trading intent). Í 36. tl. 1. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningu á hugtakinu „veltubók“ sem byggist á 86. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR (e. trading book). Í 35. og 36. tl. frumvarpsins er ósamræmi í orðnotkun að því leyti að í 35. tl. er notað orðið „vegna“ en í 36. tl. er notað orðið „til“. Engin ástæða virðist vera fyrir þessum mun á orðnotkun. Í báðum tilfellum er um að ræða þýðingu á ensku orðunum „with trading intent“. Því er ástæða til að samræma skilgreiningarnar að þessu leyti og nota orðið „vegna“ (tvisvar sinnum) í 36. tl.

Í 37. tl. er skilgreiningin „**óbeinn eignarhlutur**“. Lagt er til að notað sé „óbeint eignarhald“ þar sem um fjármagnsgerninga er að ræða.

Í 38. tl. er ný skilgreining er fjallar um „**krosseignarhald**“. SFF leggja til nýja skilgreiningu:

Gagnkvæmt krosseignarhald: Eignarhald fjármálafyrirtækis á eiginfjárgrunnsgerningum eða öðrum fjármagnsgerningum útgefnum af aðila á fjármálamarkaði þar sem síðarnefndu aðilarnir eiga einnig eiginfjárgrunnsgerninga útgefna af (fyrirnefnda) fjármálafyrirtækinu.

Telja verður óheppilegt að byggt sé á hugtakinu „eiginfjárgrunnsgerningur“ sem ekki er skilgreint í lögum þótt að einhverja skýringu megi finna í almennum athugasemdum frumvarpsins. SFF telja ekki að núverandi skilgreining sé nægileg skýr og hafa efasemdir um að hægt verði að hafa hana til hliðsjónar þegar fjármálafyrirtæki þurfa að taka tillit til krosseignarhalds lögum skv., t.d. 35. gr. frumvarpsins.

Upplýsingaskylda fjármálafyrirtækis, 9. gr. frumvarps

Í lokamálslið greinarinnar kemur fram að upplýsingaskylda fjármálafyrirtækis skuli afmarka nánar með reglugerð. Eins og áður hefur kom fram stendur til að taka ákvæði CRR á næstunni upp orðrétt í íslensk regluverk. Þar eru mun ítarlegri og skýrari ákvæði um hvernig staðið skuli að opinberri upplýsingagjöf. SFF telja því ekki þörf á því að hafa nákvæmt ákvæði um

upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja í lögum þegar ljóst er að reglugerð um sama efni verður sett fljótlega, eða jafnvel áður en frumvarp þetta verður að lögum.

Mikilvægt er að tekið sé tillit til stærðar og umfangs fjármálafyrirtækja í þessari upplýsingagiöf enda er hún einkum mikilvæg fyrir innlánseigendur og fjárfesta og aðgengi þeirra að upplýsingum um fjármálafyrirtækið. Í 9. gr. er kveðið á um að FME sé heimilt að ákveða tíðni upplýsingagjafar o.fl. Í ákvæðum CRR er þessi ábyrgð sett á fjármálafyrirtækin sjálf. Þá eru ákvæði í CRR um að fjármálafyrirtæki skuli upplýsa opinberlega um hvers vegna tilteknar upplýsingar eru ekki birtar (e. disclosure waivers) og eykur það gagnsæið. Enn fremur þurfa þau fyrirtæki sem talin eru mikilvæg m.t.t. stærðar o.fl. að leggja sérstakt mat á hvort upplýsingagiöf þurfi að vera tíðari. Þá er FME, skv. ákvæðinu, veitt heimild til að krefjast þess að „móðurfélag fjármálafyrirtækis birti árlega lýsingu á uppbyggingu samstæðu fyrirtækisins og upplýsingar um stjórnarhætti og skipurit þess.“ Um er að ræða samsvarandi heimild og kemur fram í 2. mgr. 106. gr. CRD IV. Þar er hins vegar tekið fram að viðeigandi eftirlitsaðilum skuli veittar heimildir til að krefjast að móðurfélag fjármálafyrirtækis birti árlega, annað hvort í heild eða með tilvísun til jafngilda upplýsinga (e. *either in full or by way of references to equivalent information*), lýsingu á uppbyggingu samstæðu og upplýsingar um stjórnarhætti og skipurit. Hér er til staðar misræmi í orðalagi sem ekki er útskýrt nánar greinargerð. Ekki er loku fyrir það skotið að FME útfæri upplýsingaskyldu með sambærilegum hætti og 2. mgr. 106. gr. CRD IV virðist gera ráð fyrir, að upplýsingaskyldu megi fullnægja með tilvísun, en verði það ekki gert kann í því að felast auknar skyldur fyrir fyrirtæki hérlendis. Á það er því bent hér að nauðsynlegt er að FME hafi ekki viðtækari heimildir en gert er ráð fyrir skv. CRD IV.

Eignastýring, 10. gr. frumvarps

Í greinargerð með frumvarpinu segir:

Í greininni eru lagðar til breytingar á 20. gr. laganna sem hefur að geyma upptalningu á starfsheimildum viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþyrirtækja. Breytingarnar miða að því að færa hugtök í ákvæðinu til samræmis við hugtakanotkun í 20., 25. og 27. gr. laganna, en öll ákvæðin varða starfsheimildir ólíkra fjármálafyrirtækja, og við ákvæði laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007. Breytingarnar sem lagðar eru til á ákvæðum um starfsheimildir með frumvarpinu verða þannig í samræmi við hugtakanotkun þá sem notuð er um starfsemi semkveðið er á um í 1. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti.

Í 25. gr. núgildandi laga um fjármálafyrirtæki er í 1. mgr. d) lið talað um eignastýringu og í e) lið er talað um fjárfestingarráðgjöf.

Í 27. gr. sömu laga er í 1. mgr. 1. tölul. talað um eignastýringu og í 2. tölul. talað um fjárfestingarráðgjöf.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti er í 4. tölul. talað um eignastýringu og í 5. tölul. talað um fjárfestingarráðgjöf.

Orðalagið skv. breytingatillögunni virðist ekki vera alveg til samræmis við framangreint, sbr. skýring í greinargerðinni. Ekki er ljóst hvort ætlunin hafi verið að nota orðið „fjárfestingarráðgjöf“ eða „ráðgjöf“ en ráðgjöf getur verið mjög víðtæk.

Hámark virkra eignarhluta, 14. gr. frumvarps

Í lið ákvæðisins er lagt til að í stað orðsins „fjármálafyrirtækum“ í 4. mgr. 28. gr. nógildandi laga, komi „fyrirtækjum“. Það þýðir að í stað þess að fjármálafyrirtæki skuli gefa FME sundurliðað yfirlit yfir eignarhluti í öðrum fjármálafyrirtækjum sem þau hafa eignast eða tekið að veði, þá skuli fjármálafyrirtæki gefa FME þetta yfirlit yfir eignarhluti í öðrum fyrirtækjum sem þau hafa eignast eða tekið að veði. Ekki er að finna skýringu á því í greinargerð af hverju þessi breyting er gerð og hverju henni er ætlað að ná fram. Engin mörk eru sett varðandi stærð þessara eignarhluta eða stærð viðkomandi fyrirtækis. Hætt er við að markmið ákvæðisins náist ekki ef engin mörk eru sett varðandi skilin.

Í 1. mgr. segir: „Fjármálafyrirtæki mega ekki eiga virka eignarhluti í einstökum fyrirtækjum, sem ekki eru fjármálafyrirtæki, ...“. Bent er á að um „virkan eignarhlut“ er eingöngu fjallað í lögum um fjármálafyrirtæki. Það að tala um „virkan eignarhlut“ í öðrum félögum á sér ekki hliðstæðu og það er því ekki fjallað um þá í almennri löggjöf um hlutafélög. Virðist sem þetta hafi læðst inn í lög um fjármálafyrirtæki fyrir nokkru síðan.

Könnunar- og matsferli og úlagspróf Fjármálaeftirlitsins, 25. gr. frumvarps

Í 1. mgr. a. (80. gr.) kemur fram að stjórn og framkvæmdastjóri skulu reglulega leggja mat á tegund, dreifingu og fjárhæð eiginfjárþarfar fyrirtækisins með hliðsjón af áhættustigi þess, þ.m.t. áhættu sem felst í, eða getur hlotist af, starfsemi þess. Í greinargerð kemur fram að þessi málsgrein byggir á 1. mgr. 73. gr. CRD IV en þar segir:

Institutions shall have in place sound, effective and comprehensive strategies and processes to assess and maintain on an ongoing basis the amounts, types and distribution of internal capital that they consider adequate to cover the nature and level of the risks to which they are or might be exposed.

Í fyrsta lagi er gerð athugasemd við að þessi skylda sé lögð á stjórn og framkvæmdastjóra þegar 1. mgr. 73. gr. CRD IV leggur skylduna á fjármálafyrirtækið. Þau verkefni sem 1. mgr. 25. gr. leggur á stjórn og framkvæmdastjóra eru hluti af daglegum rekstri áhættustýringar og á ábyrgð yfirmanns áhættustýringar, eins og nógildandi 17. gr. laga um fjármálafyrirtæki kveður á um. Að lokum eru það stjórn og framkvæmdastjóri sem bera ábyrgð stjórn félagsins, sbr. 68. gr. laga um hlutafélög. SFF leggja því til að „stjórn og framkvæmdastjóri“ verði skipt út fyrir „fjármálafyrirtæki“.

Í öðru lagi er gerð athugasemd við orðalagið „tegund, dreifingu og fjárhæð eiginfjárþarfar“. Hér er verið að blanda saman tegund eiginfjárþatta og svo áhættuþætti sem eigið fé nær yfir núna. Einnig er ekki rétt að tala um „tegund eiginfjárþarfar“. Lagt er til að 1. mgr. 25. gr. verði breytt til samræmis við þetta:

Fjármálafyrirtæki skal reglulega leggja mat á tegund, fjárhæð og dreifingu eiginfjár sem talið er fullnægjandi með hliðsjón af áhættustigi þess, þ.m.t. áhættu sem felst í, eða getur hlotist af starfsemi þess.

Í d. lið b. (81. gr.) segir:

„athugunar á hvort eiginfjárframlag vegna eigna sem hafa verið verðbréfaðar sé nægjanlegt með tilliti til hagræns inntaks þeirra og þess áhættustigs sem hefur áunnist við yfirfærslu áhættu,“

Réttara er að tala um eiginfjárbörf en eiginfjárframlag en enski textinn er „own funds“.

Í e. lið er talað um „varaforða lauss fjár“. Ekki er ljóst hvað átt er við með því. Er hér átt við lausafjáreignir, þ.e. „composition and quality of liquidity buffer“? Hér vantar nánari útskýringu svo fjármálafyrirtækjum sé ljóst hvað í ákvæðinu felist.

Í h. lið er talað um „landfræðilega staðsetningar áhættuskuldbindinga“ sem könnun og mat FME skal a.m.k. ná til, ekki er nánar tiltekið í ákvæðinu sjálfu eða greinargerð hvað FME skuli styðjast við né er frekari skýring í 98. CRD IV sem ákvæðið byggir á. SFF telja varhugavert að FME meti áhættuskuldbindingar eftir landfræðilegri staðsetningu án þess að fram komi til hvaða atriða beri að líta til við matið. Sú hætta getur skapast að ákveðin landssvæði verði „dæmd“ til stöðnunar án rökstuðnings af hálfu FME. Sama gildir einnig um staðbundin fjármálafyrirtæki sem starfa á svæðum sem FME metur landræðilega ekki góð.

Viðbótar eigið fé þáttar 1, 28. gr. frumvarps

Í h. lið b. (84. gr. b.) kemur fram að „einungis er heimilt að innkalla, innleysa eða endurkaupa þá fimm árum eftir útgáfu þeirra, og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins“. Hér virðist vera ósamræmi við ákvæði CRR sem er verið að innleiða (gr. 52 (i), 78 (4)). Þar segir að ef innan við fimm ár þurfi samþykki eftirlitsaðila, en ekki eins og hér að þurfi bæði samþykki þó svo að fimm ára skilyrðið sé uppfyllt. Endurkaup og innköllun virðist háð samþykki FME. Í CRD IV segir að fjármálafyrirtæki geti greitt upp þegar skilyrði 77. gr. og 78 (4) gr. eru uppfyllt. Löggin virðast því mun þrengri en CRD IV og leggja SFF til að ákvæði frumvarpsins verði breytt til samræmis við ákvæði CRR sem vísað er til hér að ofan.

Almennt eigið fé þáttar 1., 28. gr. frumvarps

Í c. lið segir: *almennar leiðréttingar vegna útlánaáhhættu, að hámarki 1,25% af áhættuvegnum eignum reiknuðum samkvæmt staðalaðferð*, en ekki er tekið fram að þessi liður á við um þau fjármálafyrirtæki sem notað staðalaðferð, eins og fram kemur í c. lið 62. gr. CRR sem ákvæðið byggist á: *for institutions calculating risk-weighted exposure amounts in accordance with Chapter 2 of Title II of Part Three, general credit risk adjustments, gross of tax effects, of up to 1,25 % of risk-weighted exposure amounts calculated in accordance with Chapter 2 of Title II of Part Three*; en undirstrikaði textinn vísar til staðalaðferð (e. Standardised Approach).

Í d. lið segir: *jákvæð staða vegna útreikninga á væntu tapi, að hámarki 0,6% af áhættuvegnum eignum reiknuðum samkvæmt innramatsaðferð*, hér er heldur ekki tekið fram að þessi liður á við um þau fjármálafyrirtæki sem nota innramatsaðferð, eins og fram kemur í d. lið 62. gr. CRR sem ákvæðið byggist á: *for institutions calculating risk-weighted exposure amounts under Chapter 3 of Title II of Part Three, positive amounts, gross of tax effects, resulting from the calculation laid down in Articles 158 and 159 up to 0,6 % of risk weighted exposure amounts calculated under Chapter 3 of Title II of Part Three*, en undirstrikaði textinn vísar til innramatsferðar (e. Internal Rating Based Approach).

Þá er ekki ljóst við hvað er átt við með „jákvæð staða“ (e. positive amount).

Í d. lið e. (84. gr. e) segir: *eiginfjárförður vegna áhættu sem tengist OTC-afleiðusamningum vegna aðlögunar á útlánvirði*, en sé horft til ákvæðis CRR sem er verið að innleiða, þ.e. d. liður 3. mgr. 92. gr. sem segir: *the own funds requirements calculated in accordance with Title*

VI for credit valuation adjustment risk of OTC derivative instruments other than credit derivatives recognised to reduce risk-weighted exposure amounts for credit risk; þá vantar að taka fram að undanskildar séu þær afleiður sem hafa það hlutverk að lækka áhættugrunn vegna útlánaáhættu.

Valdheimildir vegna eftirlits, 36. gr. frumvarps

Í e. lið er talað um „sölu eigna eða viðskiptaæininga sem skapa ***aukna*** áhættu“. Samsvarandi orðalag CRD IV er „the divestment of activities that pose ***excessive*** risks to the soundness of an institution“. Enska orðið ***excessive*** útleggst hins vegar sem ***óhóflegt*** á íslensku, á meðan íslenska orðið ***aukið*** útleggst sem ***extra*** eða ***added***. Miðað við orðalag frumvarpsins er fremur viðurhlutamikilli heimild, að fara fram á sölufæri eigna sem að mati FME valda ***aukinni*** áhættu, innleidd með rýmra matskenndu svigrúmi en ef samræmis væri gætt við CRD IV og vísað til ***óhóflegrar*** áhættu. Síðara orðalagið myndi fremur stuðla að því að viðurhlutaminni heimildum yrði beitt, í samræmi við almenn sjónarmið um meðalhóf. Virðist orðalag frumvarpsins gera ráð fyrir að FME geti gripið til ráðstafna umfram það sem tilskipunin gerir ráð fyrir, því er lagt til að orðið „***aukna***“ verði skipt út fyrir orðið „***óhóflega***“.

Að lokum fagna SFF því sem áður hefur komið fram að heildarendurskoðun laganna eigi að fara fram eftir að þessi tilskipun Evrópusambandsins hefur verið innleidd í lögin um fjármálafyrirtæki. Brýnt er að sú vinna hefjist sem fyrst. Þannig má nefna að í samtölum SFF við fjármála- og efnahagsráðuneytið í tengslum við fyrirliggjandi frumvarp hefur m.a. komið fram hjá ráðuneytinu að stjórnvöld telji ákvæði 3. tl. 3. gr. nógildandi laga um að eignaleiga sé starfsleyfisskyld ekki nægilega skýrt, ekki síst í ljósi mikilla breytinga á þeim markaði undanfarin ár. Þetta er eitt af þeim atriðum sem mikilvægt er að taka til skoðunar.

SFF eru reiðubúin til að mæta á fund nefndarinnar til að ræða þessar athugasemdir nánar.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Árnína S.K.

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, lögfræðingur.